

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 28. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Hitaveitu Akureyrar er taka gildi frá og með 1. júní 1990:

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 44, 25. janúar 1990:	
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	3,3%
Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 38, 23. janúar 1990, með síðari breytingum:	
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	0,6%

Íðnaðarráðuneytið, 25. maí 1990.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Garðabæjar 1985–2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 21. maí 1990 staðfest uppdrátt af breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1985–2005.

Breytingin er í því fölginn að svæði í Vetrarmýri sem nú er auðkennt „skipulagi frestað“ breytist þannig að landnotkunin verður „opið svæði til sérstakra nota“ sem verður lagt undir golfvöll.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1990.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Garðabæjar 1985–2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 21. maí 1990 staðfest uppdrátt af breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1985–2005.

Breytingin er í því fölginn að gert er ráð fyrir umferðartengingu við Arnarnesveg frá Hæðarhverfi. (Bæjargil 11).